

Ályktunarorð:

Meðferð máls þessa fyrir Félagsdómi er frestað.

Úrskurður Félagsdóms í máli þessu var kærður til Hæstaréttar og staðfestur þar. Sjá Hrd. XL, bls. 570.

Fimmtudaginn 8. maí 1969.

Nr. 2/1969. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**  
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)  
gegn  
**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**  
(Jón Þorsteinsson hdl.).

D ó m a r a r:

Hákon Guðmundsson, Einar Arnalds, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Guðjón B. Baldvinsson.

Skýrð ákvæði dóms Kjaradóms um greiðslur fyrir yfirvinnu og vegna óþægilegs vinnutíma. Sératkvæði.

### Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, dags. 11. febrúar þ. á. Eru dómkröfur stefnanda þær:

1. að dæmdur verði ógildur úrskurður fjármálaráðuneytisins frá 27. desember 1967 um 25% álag fyrir „óþægilegan vinnutíma“.
2. að dæmt verði, að ríkisstarfsmenn, er lúta ákvæðum dóms Kjaradóms og eigi hafi verið samið um annað sérstaklega, aðrir en vinnuvökumenn, eigi rétt til yfirvinnukaups samkvæmt ákvæðum 8. gr. dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1967 fyrir þær klukkustundir hins fasta vikulega vinnutíma, sem falla utan dagvinnutíma þeirra samkvæmt ákvæðum 1.—4. tl. 2. gr. nefnds dóms Kjaradóms.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt 2. gr. dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1967 skulu þeir ríkisstarfsmenn, sem nefndur dómur tekur til, leysa af hendi daglega vinnuskyldu sína á tímabilinu frá kl. 0800—1700 eða kl. 0900—1700 aðra virka daga en laugar- daga, en síðastnefnda daga kl. 0800—1200 eða 0900—1200. Þá segir enn fremur í nefndri 2. grein, að heimilt sé að haga vinnudegi með öðrum hætti, ef aðiljar séu sammála um það.

Í 7. gr. nefnds Kjaradóms segir, að yfirvinna teljist hver sú vinna, sem fari fram yfir tilskilinn dagvinnutíma eða vinnuvöku, og í 8. gr. eru fyrirmæli um það, að greiða skuli yfirvinnu með álagi á venjulegt dagvinnukaup.

Nú er störfum ýmissa ríkisstarfsmanna, einkum kennara og póstmanna, að því er talið er, svo háttað, að þeir verða að inna daglega vinnuskyldu sína af hendi á öðrum tíma dags en þeim, sem ákveðinn er í fyrrnefndri 2. gr. dóms Kjaradóms. Um álag eða aukagreiðslur fyrir vinnu þessa liggur það fyrir, að kennarar í barna- og gagnfræðastigs- skólum hafi allt til 1. júlí 1968 fengið álag á kaup sitt, er svari til mismunar á yfirvinnu- og dagvinnukaupi, 50% eða 90%, en eigi er fram komið, að föst regla hafi gilt um slíkar álagsgreiðslur til kennara á öðrum stigum skólakerfisins og jafnvel talið, að í ýmsum skólum, t. d. menntaskólum, hafi þær engar verið. Að því er varðar aðra ríkisstarfsmenn, er svo stóð á um, að þeir þurftu að inna vinnuskyldu sína af hendi utan dagvinnutímabils, þá virðist engin föst regla hafa gilt um greiðsluálag til þessara manna, og það jafnvel verið mismunandi hjá hinum ýmsu ríkisstofnunum.

Hinn 27. desember 1967 gaf fjármálaráðuneytið út bréf um breytingar á reglum um vinnutíma, yfirvinnu og starfs- aldur opinberra starfsmanna samkvæmt dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1967. Jafnframt voru í bréfi þessu fyrir- mæli um framkvæmd á dómsorðum nefnds kjaradóms, skil- greining ráðuneytisins á „vaktavinnu“ og úrskurður um álag

vegna vinnu á „óþægilegum“ vinnutíma. Um síðastnefnda atriðið segir svo í greindu bréfi:

„Ráðuneytið hefur ákveðið, að þeir starfsmenn, er leysa af hendi hluta af vinnuskyldu sinni utan takmarka daglegs vinnutíma, skuli fá greitt 25% álag fyrir þann tíma, er fellur utan dagvinnutímans. Nefnt álag skal reikna á sama hátt og vaktaálag er reiknað. Regla þessi gildir ekki um starfsmenn þá, er vaktir ganga, vinna óreglulegan vinnutíma eða eru ráðnir til vörzlustarfa á kvöldum eða nóttum“.

Loks segir í nefndu bréfi, að kjör þeirra, sem nú vinna „óþægilegan vinnutíma“, skuli færð til samræmis við framanskráðar reglur fyrir 1. júlí 1968. Varð svo í framkvæmd, og hefur við það staðið frá þeim tíma.

Áður en fjármálaráðuneytið setti reglur þessar, höfðu farið fram viðræður milli þess og B.S.R.B. um sérstakar greiðslur til ríkisstarfsmanna fyrir „óþægilegan vinnutíma“, eins og ráðuneytið nefnir þessi tilvik, en þær viðræður leiddu eigi til samkomulags.

#### **Viðhorf stefnanda.**

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á þeim rökum, að samkvæmt framangreindum ákvæðum 2. gr. dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1967 skuli vinnuskylda ríkisstarfsmanna leyst af hendi á þar tilgreindum tíma dags. Nú sé því hins vegar svo háttað, að ýmsir þeirra eigi þess ekki kost, vegna aðstæðna í stofnunum þeim, er þeir starfa við, að inna vinnuskyldu sína af hendi á þeim tíma, er í nefndum dómi greinir. Kveður stefnandi, að það séu sérstaklega kennarar, sem hér eiga hlut að máli, vegna tví eða jafnvel þrískiptingar í skólum sökum skorts á húsnæði. Þá kveður stefnandi, að frávik frá því að vinnuskylda verði leyst af hendi á þeim tímum, sem dómur Kjaradóms kveði á um, eigi einnig að einhverju leyti við um póstmenn og ýmsa aðra starfsmenn ríkisins. Fyrir þessi frávik hljóti þeir að eiga rétt til sérstakrar greiðslu, enda hafi þeir fengið hana. Þannig hafi það verið svo í framkvæmd, að frá því að sett var erindisbréf til kennara í barna- og gagnfræðastigsskólum árið 1962, hafi þeirri reglu verið fylgt, að þeim kennurum væri greitt álag fyrir „óþægilegan vinnutíma“, er svarað hafi til mismunar

á yfirvinnukaupi og dagvinnukaupi, en síðarnefnda kaupið hafi verið fundið út samkvæmt þeirri reglu, er nú felist í 3. mgr. 8. gr. dóms Kjaradóms, að deila með ákveðinni lölu í föst mánaðarlaun. Hafi þetta álag numið 50% miðað við dagvinnukaup fyrir kennslu á tímabilinu frá kl. 1600—1800 og kl. 1200—1300, en eftir kl. 1800 og eftir hádegi á laugar-  
dögum hafi álagið verið 90%. Hafi þessi greiðsluháttur staðið óbreyttur til upphafs skólaársins 1968/1969, er stefndi hafi tekið að beita framangreindum ákvæðum bréfs síns frá 27. desember 1967 um 25% álag fyrir „óþægilegan vinnutíma“.

Stefnandi vísar til þess, að ákvæði dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1967 séu skýr um það, á hvaða tímabili dags ríkisstarfsmenn skuli skila vinnuframlagi því, er þeir þiggja föst laun fyrir. Sé vinnutilhögun hins vegar sú, að þeir eigi þess ekki kost að skila vikulegum vinnutíma innan marka hins ákveðna daglega vinnutíma, sé það ekki þeirra sök, heldur hins opinbera. Af því leiði, að fari vinna þeirra fram eftir lok dagvinnutímabils, eigi þeir að fá yfirvinnukaup fyrir þann tíma. Þeir hafi að visu sætt sig við lægra álag til 1. júlí 1968, svo sem hann hafi rakið, en hins vegar vilji þeir með engu móti sætta sig við hina einhliða ákvörðun stefnda frá 27. desember 1967. Það sé Kjaradómur, sem skera eigi hér úr um vinnutíma og laun. Lausn hans sé fólgin í dóminum frá 30. nóvember 1967 og bjóði ákvæði hans ekki upp á aðra úrlausn um laun fyrir hina umdeildu vinnu, en að hún sé goldin með yfirvinnukaupi samkvæmt 8. gr. dómsins. Í því sambandi bendir hann á, að í meðferð þess kjaramáls, er lauk með nefndum dómi, hafi stefndi haft uppi kröfu um það, að dómurinn ákvæði 20% álag fyrir „óþægilegan vinnutíma“, og hafi þá verið átt við þá vinnu, sem hér sé deilt um. Þessa kröfu hafi Kjaradómur eigi tekið til greina. Hafi stefndi því eigi haft neina heimild til þeirrar ákvörðunar sinnar að greiða nefnda vinnu með 25% álagi og með henni brotið gegn ákvæðum laga nr. 55/1962, einkum 5. gr., sbr. 3. mgr. 21. gr. sömu laga.

Enn bendir stefnandi dómkröfum sínum til stuðnings á það, að samkvæmt 2. mgr. 4. gr. nógildandi dóms Kjaradóms eigi kennari, sem þarf að vinna utan daglegs vinnu-

tíma að félagsmálum nemenda, að fá yfirvinnugreiðslu fyrir þann tíma. Styrki þetta ákvæði meðal annarra ákvæða dómsins þá kröfu sína, að greiða skuli fullt yfirvinnukaup fyrir margnefnda vinnuskyldu, er leyst er af hendi utan daglegs starfstíma.

### Sjónarmið stefnda.

Stefndi hefur eindregið mótmælt kröfum stefnanda. Neitar hann því, að skylt sé að greiða með yfirvinnukaupi samkv. 8. gr. dóms Kjaradóms þá skylduvinnu ríkisstarfsmanns, er hann verður að inna af hendi utan daglegs starfstíma, eins og hann sé ákveðinn af Kjaradómi. Bendir hann á, að í almennu yfirvinnuálagi felist borgun fyrir tvennt, í fyrsta lagi hið aukna erfiði, sem starfsmaðurinn leggur á sig með því að skila fleiri vinnustundum á viku en fasti vinnutíminn segi til um, og í öðru lagi sé yfirvinnugreiðsla þóknun fyrir vinnustund á óþægilegum tíma sólarhrings. Um þá vinnu, er deilt sé um í máli þessu, komi aðeins síðara atriðið til greina. Orða mætti það, að beita ætti 33% vaktálagsreglum 10. gr. dóms Kjaradóms, en hins vegar sé á það að líta, að það álag sé jafnaðargreiðsla fyrir þau óþægindi, sem því fylgi að þurfa að skila vinnustundum á kvöldin, um nætur og á helgidögum, enda sé þetta álag aðeins greitt fyrir þær stundir hins fasta vikulega vinnustundafjölda, er til falli utan dagvinnumarkanna og frábrugðið vinnu þeirri, sem um sé deilt í máli þessu, því að hún sé hvorki leyst af hendi að nóttu til né á helgidögum. Hljóti álag fyrir hana því að vera nokkru lægra en hið venjulega vaktavinnuálag. Þá mótmælir stefndi því, að skylda hans til að greiða fullt yfirvinnukaup fyrir umdeilda vinnu verði að neinu leyti byggð á því, að Kjaradómur hafi eigi tekið til greina kröfur stefnda um þetta efni í dómi sínum 30. nóvember 1967. Bendir hann í því sambandi á það, að stefnandi hafi einmitt fyrir Kjaradómi í 11. gr. krafna sinna krafizt 33% álags á þá vinnu, er um sé deilt í máli þessu. Kjaradómur hafi hins vegar ekki sinnt þeirri kröfu. Séu því ekki í dómi Kjaradóms nein ákvæði um hana og hafi fjármálaráðuneytið því eigi á neinn hátt brotið settar reglur eða fyrirsmæli laga eða tekið sér vald, er það ekki hefur, með þeirri ákvörðun sinni 27. desember

1967, að umrædd vinna skyldi greidd með 25% álagi. Hér hafi aðeins verið um nauðsynlega samræmingu að ræða, þar sem mismunandi reglum hafi verið beitt í þessum efnunum hjá hinum ýmsu ríkisstofnunum, en að sjálfsgöðu sé stefnanda rétt að bera það undir Félagsdóm, eins og hann hafi gert, hvort nefnd ákvörðun stefnanda samrýmist ákvæðum dóms Kjaradóms. Þá mótmælir stefndi því einnig, að stefnandi geti sótt nokkurn stuðning við 2. lið dómkrafna sinna í ákvæði 2. mgr. 4. gr. dóms Kjaradóms, þar sem segi, að greiða skuli sem yfirvinnu, ef kennari vinnur að félagsmálum nemenda utan daglegs starfstíma, því að ljóst sé, að hér sé átt við vinnustundir umfram kennsluskyldu.

#### **Afstaða dómsins.**

Með dómi Kjaradóms 30. nóvember 1967 er kveðið á um það í 2. gr. á hvaða tíma dags hve vinnuvika skuli unnin hjá hinum ýmsu starfshópum, er hafa mismunandi langa vinnuviku, hvað stundafjöldi varðar. Meðal annars segir í 4. tl. 1. mgr. nefndrar greinar, að vikulega kennsluskyldu kennara skuli inna af höndum á tímabilinu kl. 0800—1700 með matartíma alla virka daga nema laugardaga, þá kl. 0800—1200. Eru ákvæði erindisbréfsins frá 1. júní 1962 um daglegan starfstíma þá fallin úr gildi. Um yfirvinnu gildir enn, samkvæmt 1. mgr. 7. gr. dómsins, sú aðalregla, að yfirvinna telst hver sú vinna, sem fer fram yfir tilskilinn dagvinnutíma eða vinnuvöku.

Af kröfugerð aðilja í kjaradómsmáli því, er leiddi til nefnds dóms, er ljóst, að þá hefur komið til beinna álita það atriði, hvernig fara ætti um álag á kaup, ef starfsmaður þyrfti að leysa af hendi hluta af daglegri vinnuskyldu sinni utan þess daglega vinnutíma, sem ákveðinn er í 2. gr. dómsins. Er af hálfu ríkissjóðs sett svohljóðandi ákvæði í 11. gr. krafna hans fyrir dóminum:

„Þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum, skulu fá vaktálag skv. 1. gr. fyrir þær stundir, er unnar eru utan venjulegs dagvinnutíma. Aðrir starfsmenn, er leysa af hendi hluta af vinnuskyldu sinni utan takmarka daglegs vinnutíma, fá með sama hætti greitt álag vegna óþægilegs vinnutíma samkvæmt 1. gr. . . .“.

En í 1. gr. kröfugerðar ríkissjóðs, sem hér er vísað til, er gert ráð fyrir, hvað þetta álag sé í krónutölu á hverja klst. í hverjum launaflokki, og svarar það til 20% álags á dagvinnutímakaupið.

Af hálfu B.S.R.B. eru einnig settar fram kröfur um þetta atriði. Í 7. mgr. 7. gr. kröfugerðar þess er höfð uppi krafa um sérreglu fyrir kennara svohljóðandi:

„Greiða skal með fullu yfirvinnukaupi allar kennslustundir, sem falla utan dagvinnutíma skólans, þar með taldir matartímar“.

Og í 11. gr. kröfugerðar sama aðila er sett fram almenn krafa um þetta atriði, er hljóðar svo:

„Þeir, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum svo og þeir, sem vinna eingöngu eða einhvern hluta starfs síns utan daglegs vinnutíma, sem tilgreindur er í 1. og 2. tl. 2. gr. (þ. e. krafna B.S.R.B.), skulu fá 33% álag á þann hluta launa, sem greiddur er fyrir unnin störf á þeim tíma, er fellur utan venjulegs dagvinnutíma . . .“.

Í dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1967 eru eigi tekin upp nein almenn ákvæði um greiðslu fyrir vinnu, sem innt er af hendi utan venjulegs dagvinnutíma, hvorki að því er kennara eða aðra starfsmenn varðar, þegar sú vinna er hluti af daglegri vinnuskyldu starfsmannsins. Hins vegar er í 2. mgr. 10. gr. dómsins sérregla um það, að þeir, sem vinna á vinnuvökum, skuli fá 33% álag á þann hluta launa, sem greiddur er fyrir unnin störf á þeim tíma, er fellur utan venjulegs dagvinnutíma, og í síðustu málsgrein 7. gr. er sérregla, sem segir, að greiða skuli hluta af kennslustund, er gengur yfir á eftirvinnutímabil þannig, að hverjar 5 mínútur unnar í yfirvinnu greiðist eftir því sem við á með  $\frac{1}{8}$  eða  $\frac{1}{9}$  hluta launa fyrir kennslustund.

Þegar framangreind atriði eru virt og jafnframt litið í heild á ákvæði dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1967, verður eigi talið, að þeir ríkisstarfsmenn, sem nefndur dómur tekur til, eigi rétt til yfirvinnukaups samkvæmt 7. og 8. gr. dómsins fyrir þær klukkustundir hins fasta vikulega vinnutíma, sem falla utan dagvinnutíma þeirra samkvæmt ákvæð-

um 1.—4. tl. 2. gr. oftnefnds dóms. Verður 2. liður dómkrafna stefnanda í máli þessu því eigi tekinn til greina.

Með vísun til framangreindrar málsmeðferðar fyrir Kjaradómi árið 1967 og annarra þeirra atriða, er fram hafa komið í máli þessu, verður eigi talið, að ákvæði 2. mgr. 10. gr. framangreinds dóms Kjaradóms um 33% álag til þeirra, sem vinna á reglubundnum vinnuvökum, verði skýrt á þá lund, að stefnda sé skylt að greiða nefnt vökuálag fyrir vinnustundir, sem falla utan daglegs vinnutíma, er svo stendur á, að starfsmaður hefur þá eigi enn lokið dagvinnuskyldu sinni. Almennri greiðsluskyldu um tiltekið og ákveðið álag fyrir margnefndar vinnustundir verður eigi heldur fundinn staður í öðrum ákvæðum dóms Kjaradóms. Er það eigi á valdi Félagsdóms að kveða á um tiltekna greiðslu í slíkum tilvikum, sbr. 5. gr. og 21. gr. laga nr. 55/1962, er leggur ákvörðunarvald í þessum efnunum í hendur Kjaradóms, þegar eigi nást kjarasamningar milli þeirra aðilja, er þar eiga hlut að máli. Hin einhliða ákvörðun stefnda frá 27. desember 1967, um 25% álag fyrir „óþægilegan vinnutíma“ til starfsmanna, er leysa af hendi hluta af vinnuskyldu sinni utan takmarka daglegs vinnutíma, og sem hann tók að undangengnum árangurslausum samningatilraunum við stefnanda, verður þannig eigi talin andstæð ákvæðum framangreinds dóms Kjaradóms eða skyldum stefnda samkvæmt þeim dómi. Verður 1. liður dómkrafna stefnanda því eigi heldur tekinn til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.



**Sératkvæði Guðjóns B. Baldvinssonar.**

Hin einhliða ákvörðun stefnda frá 27. desember 1967, um 25% álag fyrir „óþægilegan vinnutíma, hefur í framkvæmd náð til fjölmenns hóps starfsmanna, sem áður naut sérstakra kjara um laun fyrir þann hluta af vinnuskyldu sinni, er leystur var af hendi utan takmarka daglegs vinnutíma.

Ljóst er af málsskjölum og málflutningi í máli þessu, að stefndi hefur eigi leitað úrlausnar á ágreiningsefninu í samræmi við ákvæði laga nr. 55/1962. En telja verður, að rísi ágreiningur milli sammingsaðila um kjaraatriði, slík sem tilgreind eru í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962 og eigi eru ákvæði um í kjarasamningi eða dómum Kjaradóms, þá beri að fara eftir ákvæðum téðra laga við úrlausn hans. Verður því að taka til greina 1. lið dómkrafna stefnanda og kemur því þegar af þeirri ástæðu eigi til álita 2. liður dómkrafna hans, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

**Dómsorð:**

Úrskurður fjármálaráðuneytisins frá 27. desember 1967 um 25% álag fyrir óþægilegan vinnutíma skal vera ógildur.

Málskostnaður falli niður.

---